

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011 með síðari breytingum (niðurlagning flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara), 734. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 6. maí þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreint mál.

SA fagna löngu tímabæru afnámi laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Fyrirkomulag flutningsjöfnunarinnar samkvæmt þeim lögum var úr sér gengið með flóknu fyrirkomulagi á innheimtu gjalda, úthlutun fjármuna og með sérstakri stjórn. Samtökin telja eðlilegt að flutningsjöfnun olíuvara falli undir almenn lög um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 161/2011 og telja jákvætt að jafna a.m.k. að hluta flutningskostnað á þessum vörum til afskekktara svæða þar sem venjulegar samkeppnisaðstæður eru ekki til staðar.

Nú er það stjórn flutningsjöfnunarsjóðs sem gerir tillögu til Byggðastofnunar um fjárhæð gjaldsins, innflytjendur reikna það út, greiða til innheimtumanns ríkissjóðs sem skilar því í ríkissjóð og þaðan rennur það til sjóðsins. Þannig er þegar gert ráð fyrir flutningsgjaldinu í verðlagningu olíuvara. Óþarfi er því að hækka vörugjald á olíuvörur eins og fjallað er um í greinargerð með frumvarpsdrögum. Það yrði til að hækka allt olíuverð í landinu og myndi einungis fela í sér aukna skattheimtu án þess að hennar sé sérstaklega þörf. Samtökin leggja því gegn aukinni skattheimtu af olíuvörum í þessu skyni.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir